



# STARFSÁÆTLUN ÁLFABORGAR

## 2020-2021

*„Í árlegri starfsáætlun er m.a. gerð grein fyrir skóladagatali, skólareglum, stöðþjónustu, félagslífi og öðru því sem varðar starfsemi skólans ár hvert. Starfsáætlun skóla skal árlega lögð fyrir skólanefnd til staðfestingar sem staðfestir gildistöku hennar þegar ljóst er að hún hafi verið unnin í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá, kjarasamninga og ákvarðanir sveitarstjórnar um fyrirkomulag skólalahalds“*

## Efnisyfirlit

Álfaborg	4
Starfsáætlun	5
Skipulag skólaársins 2020-2021	5
Skipulagt starf vetrarins 2020-2021	5
Skóladagatal	5
Helstu viðburðir skólaársins	6
Starfsfólk skólans	7
Reglur um samskipti og trúnað vegna barna starfsmanna í Álfaborg og Valsárskóla	7
Skólastefna Svalbarðsstrandarhrepps	8
Þróunarstarf og símenntun	10
Fundir og ráðstefnur	10
Símenntunaráætlun	10
Samstarf og símenntun á skólaárinu 2020-2021	10
Mötuneyti	10
Öryggismál	11
Öryggistæki	11
Tryggingar	11
Öryggisnefnd	11
Foreldrafélag	12
Stjórn foreldrafélags Álfaborgar 2020-2021	12
Foreldrasamstarf	12
Samstalsdagar	13
Vefsíða	13
Tölvupóstur	13
Viðtalstímar kennara	13
Hagnýtar upplýsingar	14
Afmæli	14
Ábyrgð á persónulegum eigum barnanna	14
Leyfi og önnur fjarvera	14

Lyfjagjafir í skólanum	14
Opnunartím skóla	14
Óveður eða ófærð	14
Skólahúsnæði og lóð	15
Slys / óhapp	15
Veikindi	15
Útivist / klæðnaður	16
Rýmingaráætlun	16
Samstarf	16
Tónlistarskóli Svalbarðsstrandar	16
Valsárskóli	16
Skipulag samstarfs leik- og grunnskóla	17
Sérfræðiþjónusta	17
Skólanefnd	18
Skólaráð	19
Skólaráð 2020-2022	19
Mat á skólastarfi	20
Ytra mat	20
Áætlun um innra mat	20

## Álfaborg

Í Álfaborg er 31 nemandi í tveimur deildum en þremur heimastofum. Á Hreiðri, ungbarnadeildinni, eru 8 börn á aldrinum 1-2 ára. Á Lundi, eldri deildinni, eru 23 börn á aldrinum 2-5 ára. Börnunum á Lund er skipt niður í tvær heimastofur sem bera nöfnin Kvistur og Rjóður. Á Kvisti eru 9 börn á aldrinum 2-3 ára og í Rjóðri eru 3-5 ára börnin, 14 talsins. Ásdís Hanna er deildarstjóri á Hreiðrinu ásamt því að vera í M.Ed. námi í leikskólafræðum við Háskólann á Akureyri. Þórdís Eva, leikskólakennari, er deildarstjóri á Lundi, og stofustjóri á Kvisti. Hanna Sigurjónsdóttir leikskólakennari er stofustjóri í Rjóðri og annast jafnframt allt samstarf við Valsárskóla.

Við Álfaborg vinna nú 10 starfsmenn í 9 stöðugildum. Þar af er eitt 100% stöðugildi til afleysinga vegna undirbúningstíma starfsmanna, en þeir eru alls 41 klst. á viku. Einnig er innifalið í þessum 9 stöðugildum 100% stöðugildi vegna veikindaafleysinga og 20% stöðugildi vegna skólasetu deildarstjóra Hreiðurs. Starfsmenn við umönnun og kennslu eru því samtals 7 stöðugildi að jafnaði. Við þetta bætist svo 100% skólastjóra; Margrétar Jensínu, M.S. í forystu og stjórnun frá Háskólanum á Bifröst og hún Ewa okkar Sienda sem sér um ræstingu með miklum ágætum. Við deilum svo ráðgjafa, matráði og húsverði með Valsárskóla.

Starfsmannafundir eru að jafnaði 4x á misseri eftir skólatíma, þ.e. kl. 16:15-18:15. Stjórnendateymi fundar 1x í viku á skólatíma, og oftast eftir þörfum. Sæti í stjórnendateymi eiga deildarstjórar og stofustjórar, auk skólastjóra. Deildarfundir, 30 mínútur, eru vikulega á skólatíma, þar eiga allir starfsmenn deildar sæti, auk skólastjóra eftir þörfum. Til að koma þessum fundum við annast starfsmenn hinnar deildarinnar öll börnin á meðan. Skólastjóri skipuleggur starfið í samráði við leikskólakennarana og annað starfsfólk, deildar- og stofustjórar hafa umsjón með daglegu starfi í skólanum.

Skólinn er opinn frá klukkan 07:45 – 16:15 alla virka daga.

Sími: 464 5505

Sími hjá skólastjóra: 696 1528

Netfang:

[alfaborg@svabardsstond.is](mailto:alfaborg@svabardsstond.is),

[maggajensa@svabardsstrond.is](mailto:maggajensa@svabardsstrond.is)

Heimasíða:

<https://skolar.svabardsstrond.is/>

## **Starfsáætlun**

### **Skipulag skólaársins 2020-2021**

Skólinn opnaði þann 4. ágúst, strax að lokinni verslunarmannahelgi eftir 2ja vikna sumarlokun. Ekki er búið að ákveða hvernig sumarlokun verður háttað næsta sumar, möguleikarnir eru allnokkrir; þ.e. allt frá því að loka í fjórar/fimm vikur uppí að hafa alveg opið og ráða þá sumarafleysingastarfsmenn. Könnun verður gerð meðal foreldra og starfsmanna um hvernig lokunin 2020 gekk og hverjar óskir starfsmanna og foreldra eru um hvernig sumrinu 2021 verður háttað. Könnuninni lýkur í nóvember og ákvörðun verður tekin uppúr áramótunum.

### **Skipulagt starf vetrarins 2020-2021**

Gagnkvæm virðing á að ríkja og vinnufriður. Enginn hefur rétt á því að trufla vinnu annarra, hvort sem það eru kennarar eða nemendur. borða morgunmat og 20 mínútna frímínútur. Hádegishlé nemenda er 30 mínútur.

### **Skóladagatal**

Öll heimili geta nálgast skóladagatal á vefsíðu skólans í júní ár hvert á slóðinni:

<https://skolar.svabardsstrond.is/is/skolinn/skoladagatal-2019-2020>

Þar er einnig hægt að hlaða dagatalinu niður svo hægt sé að koma því fyrir á ísskápshurðinni heima. Litlu jól eru haldin 18. desember. Skólinn opnar svo 5. janúar því skipulagsdagur er þann fjórða. Opið er í haustfríum, milli jóla og nýárs, vetrarfríum og í Dymbilvikunni.

Skipulögð foreldrasamtöl eru 1x á misseri en alltaf er hægt að óska eftir viðtali, hvort heldur sem er við skólastjóra, deildarstjóra og stofustjóra. Einnig er hægt að panta viðtal hjá ráðgjafanum okkar, henni Þuríði Lilju Rósenbergsdóttir, hvort heldur sem um er að ræða ráðgjöf um foreldrahlutverkið eða mál tengd börnunum. Stjórnendur, starfsmenn og börn geta einnig fengið ráðgjör hjá Þuríði.

### **Helstu viðburðir skólaársins**

- Skólinn opnar eftir sumarlokun, 4. ágúst, kl. 10:00
- Dagur íslenskrar náttúru 16. september
- Hrekkjavökuhátíð 30. október
- Hinsegin dagar 4.-6. nóvember
- Baráttudagur gegn einelti 6. nóvember
- Dagur íslenskrar tungu 16. nóvember
- Dagur íslenskrar tónlistar 3. desember
- Litlu jólin 18. desember
- Þrettándinn 6. janúar
- Bóndadagur 22. janúar
- Dagur stærðfræðinnar 2. febrúar
- Hátíð vegna dags leikskólans 5. febrúar
- Bolludagur 15. febrúar
- Sprengidagur 16. febrúar
- Öskudagur 17. febrúar
- Konudagur 21. febrúar
- Sumardagurinn 1. Haldið uppá hann 22. apríl
- Sveitaferð í maí
- Þjóðhátíðardagurinn, haldið uppá hann 18. júní
- Sumarleyfi barna og starfsmanna, óákveðið hvernig því verður háttað

## Starfsfólk skólans

Aðalheiður Stefánsdóttir leiðbeinandi, afleysing

Alma Sigríður Þórólfsdóttir leiðbeinandi á Lundi

Anna Nidia G Tulinius leiðbeinandi, er í fæðingarorlofi

Auður Hafþórsdóttir leiðbeinandi á Lundi

Ásdís Hanna Bergvinsdóttir deildarstjóri á Hreiðri, í M.-Ed. námi í leikskólafræðum

Hanna Dóra Ingadóttir leiðbeinandi á Hreiðri

Hanna Sigurjónsdóttir leikskólakennari á Lundi

Heiða Jónasdóttir matartæknir

Hjördís Valtýsdóttir leiðbeinandi á Hreiðri

Íris Axelsdóttir, er í fæðingarorlof ásamt því að stunda M.-Ed. nám í leikskólafræðum

María Aðalsteinsdóttir skólastjóri Valsárskóla, staðgengill Margrétar Jensínu

Ragnar Jón Grétarsson húsvörður

Sigríður Guðmundsdóttir leiðbeinandi, ásamt því að leggja stund á B.-Ed. nám í leikskólafræðum

Svetlana Beliaeva leiðbeinandi með háskólamenntun, tónlistarkennari 3ja elstu árganga skólans

Tíu Laur, deildarstjóri tónlistardeildar, sér um tónlistarforskóla fyrir 5 ára börn skólans

Þórdís Eva Þórólfsdóttir deildarstjóri á Lundi, leikskólakennari

Þuríður Lilja Rósenbergsdóttir, ráðgjafi

## Reglur um samskipti og trúnað vegna barna starfsmanna í Álfaborg og Valsárskóla

### Markmiðið

Skapa öryggi í samskiptum með velferð barna að leiðarljósi.

Gera boðleiðir skýrar svo allir geti átt árangursrík samskipti.

Reglur:

Mikilvægt er að öllum sé skýrt hvenær starfsmaður hefur stöðu fagmanns og hvenær stöðu foreldris.

Leggja skal áherslu á að börn séu ekki í umsjónarþekk eða á sömu deild/heimastofu og foreldri.

Það er á ábyrgð okkar allra sem fagmanna að setja hvort öðru mörk og veita aðstoð í samskiptum og fylgja þeim eftir. Til að mynda á aldrei að ræða börn starfsmanna né önnur börn á kaffistofu eða skólalóð.

Ef barn leitar til foreldris sem starfar í skólanum sinnir það barni sínu stutta stund en varast að það yfirtaki hlutverk þess sem starfsmanns né hafi áhrif á fagmennsku.

Starfsmaður í leik- eða grunnskólanum forðast að grípa inn í hegðun og agamál tengd barni sínu nema til að afstýra óhöppum og óæskilegri hegðun.

Þegar starfsmaður þarf að hafa afskipti af hegðun, líðan, agamálum, námsvanda, starfsháttum og öðru í skólastarfinu sem tengist barni hans skal viðkomandi hafa samband við umsjónarkennara eða kennara sem við á. Ef þörf er á skal leita til skólastjórnanda sem kemur málinu í farveg í samráði með málsaðilum.

Verði misbrestur á ofangreindum vinnureglum skal hafa samband við skólastjóra sem vinnur að árangursríkri niðurstöðu með hagsmuni og tilfinningalegt öryggi barns í forgrunni.

María, Margrét Jensína og Þuríður Lilja 19. ágúst 2020

María og Margrét Jensína 11. september 2020

## **Skólastefna Svalbarðsstrandarhrepps**

Skólastefna Svalbarðsstrandarhrepps nær til tónlistarskóla Svalbarðsstrandar, leikskólans Álfaborgar og grunnskólans Valsárskóla. Hver skóli markar eigin skólastefnu í samræmi við lög, reglugerðir, námskrá og stefnu sveitarfélagsins.



*„Í skólum Svalbarðsstrandarhrepps eru nemendur, starfsfólk og foreldrar ein liðsheild og einkennist starfið af umhyggju, virðingu og gleði. Skólarnir leggja metnað í allt starfsitt og keppa að því að undirbúa nemendur sem best fyrir framtíðina. Velliðan nemenda er grunnur að árangri í skólastarfi. Skólarnir leggja áherslu á heilsueflingu sem miðar að því að hafa áhrif á lífsstíl nemenda og gera þeim kleift að lifa heilsusamlegu lífi við heilnæmar aðstæður. Í uppbyggingu skólastarfs þarf að gæta þess að hæfileikar hvers og eins fái notið sín og ábyrgð, metnaður og virðing einkenni leik og starf. Með því að efla líkamlegt hreysti, sjálfstraust, samskiptahæfni og víðsýni gera skólarnir nemendur færari til að vinna að jákvæðri uppbyggingu samfélagsins“.*

Fjölbreytni og sveigjanleiki eru grunnur að farsælu skólastarfi. Starfsfólk skólanna þarf að hafa gott sjálfstraust, sýna frumkvæði og vinna ólík störf með jákvæðni og gleði. Daglegt starf þarf að einkennast af virðingu fyrir hverjum og einum, fagmennsku og miklum metnaði til að ná sem bestum árangri. Samstarf skólanna er öflugt og áhersla lögð á samnýtingu og samvinnu.

Skólar í Svalbarðsstrandarhreppi leggja ríka áherslu á öflugt samstarf milli heimila og skóla. Samvinna og samráð milli heimila og skóla er forsenda farsæls skólastarfs. Samstarfið byggir á trúnaði, gagnkvæmri virðingu og trausti. Foreldrar og forráðamenn eru hvattir til að taka virkan þátt í skólastarfi. Skólarnir skulu leggja sig fram við að styðja foreldra til samstarfs með hagsmuni nemenda að leiðarljósi.

Samfélag Svalbarðsstrandarhrepps einkennist af nálægð sem gefur fjölbreytt tækifæri til farsællar uppbyggingar. Skólarnir hafa metnað til að tengja saman ólíka aðila í samfélaginu og nýta fjölbreytta styrkleika íbúa og atvinnulífs. Skólarnir leggja áherslu á að efla einstaklinga sem geta skapað gott samfélag þar sem áhugi, traust og sáttfýsi einkenna samskiptin. Umhverfi og náttúra í Svalbarðsstrandarhreppi er fjölbreytt og býður upp á möguleika sem hægt er að nýta í skólastarfi og auka þannig þekkingu og virðingu á umhverfi og heimabyggð.

## **Þróunarstarf og símenntun**

### **Fundir og ráðstefnur**

Á haustdögum var sameiginleg fræðsla á vegum UNICEF um barnvænt samfélag og einnig fræðsla frá Barnavernd og verkefnastjóra barnvæns samfélags á Akureyri.

### **Símenntunaráætlun**

Hverjum skóla er skylt að gera símenntunaráætlun. Símenntun kennara má skipta í tvo meginþætti, annars vegar símenntun sem skólastjóri ákvarðar og hins vegar þá sem kennari metur æskilega eða nauðsynlega fyrir sig og starfið. Skólastjóri metur almenna þörf fyrir námskeið og fræðslufundi út frá stefnu skólans, áhersluatriðum eða á grundvelli innra mats.

### **Samstarf og símenntun á skólaárinu 2020-2021**

1. Skyndihjálparnámskeið (annað hvert ár, næst haust 2021)
2. Fræðsla frá barnavernd og verkefnastjóra barnvæns samfélags 18. ágúst. Áhersla á verklag vegna gruns um vanrækslu, ofbeldi eða áhættuhegðun.
3. Fræðsludagur um barnvænt samfélag í Valsárskóla fyrir alla starfsmenn 21. ágúst. Fræðsla á vegum Unicef.

## **Mötuneyti**

Hollur matur stuðlar að góðri heilsu. Vel nærð börn eiga betur með að einbeita sér og mataræði hefur áhrif bæði á lærdómsgetu og hegðun. Börn verja miklum hluta dagsins í skólanum eða á skólasvæðinu og því er mikilvægt að þau eigi þar kost á hollum og góðum mat. Í Álfaborg/Valsárskóla eru gjaldfrjálsar skólamáltíðir á morgnana og í hádeginu. Morgunverður er í boði alla daga í skólunum og á borðum er hafragrautur, slátur, lýsi, rúsínur, kanill og mjólk. Auk þess er brugðið útaf vananaum í Álfaborg á föstudögum og einnig eru hafrakoddar líka í boði.

## Öryggismál

### Öryggistæki

Um leið og skyggja tekur skulu nemendur bera endurskinsmerki. Hlutverk skólans er fyrst og fremst að fræða um mikilvægi notkunar endurskinsmerkja sem og að dreifa þeim ef þess er kostur. Nemendum er skylt að nota hjálma á hjólum, hlaupahjólum.

### Tryggingar

Allir nemendur skólans eru slysatryggðir á leið í og úr skóla og meðan á skólavist stendur. Tryggingar greiða skaðabætur ef varanlegur skaði hlýst af slysi. Eignatjón hjá nemendum er að öllu jöfnu ekki greitt af skóla nema um sé að ræða vanrækslu af hálfu skólans.

### Öryggisnefnd

Í öryggisnefnd situr einn fulltrúi starfsfólks sem nefnist öryggistrúnaðarmaður og kosinn er á fyrsta starfsmannafundi skólaársins, öryggisvörður skipaður af skólastjóra og skólastjórar beggja skólaeininga. Hlutverk nefndarinnar er að fylgja eftir gerðum áætlunum, úttektum opinberra eftirlitsaðila og að aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustað sé í samræmi við lög og reglugerðir.

Í öryggisnefnd sitja:

Ragnar Jón Grétarsson, öryggisvörður

Björg Erlingsdóttir

Helgi Viðar Tryggvason, öryggistrúnaðarmaður

María Aðalsteinsdóttir

Margrét Jensína Þorvaldsdóttir

## **Foreldrafélag**

Í Álfaborg er starfandi foreldrafélag. Helstu markmið félagsins eru að stuðla að meiri og bættari tengslum heimila og skóla, að koma sjónarmiðum foreldra á framfæri við skólayfirvöld, að stuðla að framkvæmdum í þágu skólans, að örva og styðja félags- og menningarstarf innan skólans og að stuðla að upplýftingu foreldra/forráðamanna og nemenda a.m.k. einu sinni á ári. Foreldrafélagðið hefur m.a. annast sveitaferð um sauðburðinn og fleiri tilfallandi upptækum, s.s. leiksýningu fyrir börnin.

### **Stjórn foreldrafélags Álfaborgar 2020-2021**

#### *Aðalmenn:*

Anna Louise Júlíusdóttir, mamma hans Nökkva  
Bjarni Þór Guðmundsson, pabbi hans Birnis Óskars  
Hafrún Helga Arnardóttir, mamma hans Friðriks Arnars  
Íris Axelsdóttir, mamma hans Óðins Frans  
Robert Szabronski, pabbi hennar Amelíu

#### *Varamenn:*

Anna Nidia G Tulinius, mamma hennar Díönu Ísabellu  
Númi Stefánsson, pabbi hennar Emblu Rutar

#### **Áheyrnarfulltrúar í skólanefnd:**

Hafrún Helga Arnardóttir  
Varamaður: NN

## **Foreldrasamstarf**

Menntun og uppeldi er samvinnuverkefni skóla og heimila. Þessi svið skarast meira og minna og því þarf samvinna að vera nán. Sameiginleg verksvið skóla og heimila geta m.a. falist í eftirfarandi;

- að rækta farsæla mannkosti svo sem ábyrga hegðun, virðingu í samskiptum og vingjarnleika
- að efla skilning á mikilvægi menntunar
- að vera hvetjandi og efla gleðina í starfi og leik

Með því að vinna sameiginlega að menntun og uppeldi á þennan hátt er stuðlað að vellíðan og þroska nemenda á jákvæðan hátt.

### **Samstalsdagar**

Foreldrar og kennarar hittast í skipulögðu samstarfi, t.d. kynningarfundir að hausti, að þessu sinni voru aðalfundur foreldrafélagsins og kynningarfundur leikskólans sameinaðir vegna þess að foreldrar mega ekki koma inní leikskólann vegna Covid-19. Skipulögð foreldrasamtöl eru tvisvar á hverju skólaári, 1x á hvoru misseri. Foreldrar eru alltaf velkomnir í skólann auk þess sem þeir eru hvattir til að hafa samband með símtölum eða tölvupósti.

### **Vefsíða**

Á vefsíðu skólans er að finna skólanámskrána í heild og aðrar gagnlegar upplýsingar um skólastarfið. Slóðin er <http://www.skolar.svalbardsstrond.is>.

Þess ber að geta að ekki hefur unnist tími til að gera leikskólanum skil í skólanámskránni en það stendur til bóta, er fyrsta forgangsverkefni okkar á þessu skólaári.

### **Tölvupóstur**

Allir starfsmenn hafa netfang og eru foreldrar hvattir til að nýta sér þennan samskiptamáta, t.d. til að æskja eftir foreldraviðtali eða bara hverju sem er. Netföng starfsmanna eru aðgengileg á vefsíðu skólans. Deildarstjórar senda foreldrum tölvupóst um skólastarfið að jafnaði 2x í mánuði og oftár eftir þörfum.

### **Viðtalstímar kennara**

Viðtalstímar kennara eru eftir samkomulagi. Foreldrar/forráðamenn geta alltaf hringt á skólatíma og óskað eftir samtali, auk tölvupóstsamkipta.

## Hagnýtar upplýsingar

### Afmæli

Þegar barn á afmæli, má það koma með veitingar í skólann fyrir deildina sína. Við sleppum gosdrykkjum og sælgæti 😊

### Ábyrgð á persónulegum eigum barnanna

Það er á ábyrgð foreldra/forráðamanna að **merkja vel allan fatnað**. Merktur fatnaður skilar sér best. Bækur eru ávallt velkomnar en gæta þarf að því að merkja þær vel. Skólinn getur ekki tekið ábyrgð á leikföngum/bókum sem börnin hafa með sér að heiman, t.d. á dótadögum.

### Leyfi og önnur fjarvera

Tilkynna þarf leyfi, veikindi og önnur forföll til skólans.

### Lyfjagjafir í skólanum

Starfsfólk gefur nemendum aldrei lyf nema í samráði við foreldra og einungis ef læknir metur nauðsynlegt að lyfjagjöf sé oftast en 2x á dag.

### Opnunartím skóla

Álfaborg er opin frá kl. 7.45-16:15. Hægt er að breyta dvalartíma eftir þörfum foreldra en sækja þarf um það til skólastjóra. Starfsmenn hafa eyðublöð þar að lútandi í fórum sínum.

### Óveður eða ófærð

Fella getur þurft niður skólastarf vegna veðurs. Ef veður er svo slæmt að það þurfi að fella niður kennslu í leikskólanum er foreldrum/forráðamönnum sent sms í skráða farsíma fyrir klukkan 7:15

sé það mögulegt. Eins verður sett inn tilkynning á fésbókarsíðu skólans og einnig sendur tölvupóstur. Ef rauð viðvörðun kemur frá Veðurstofu Íslands fyrir þetta svæði er skóla aflýst .

### **Skólahúsnæði og lóð**

Hvert barn hefur sína heimastofu, ungbarnadeildin Hreiður er í sinni stofu en Lundur skiptist í tvær heimastofur eftir aldri barnanna.. Börnin matast og eru stóran hluta dagsins í sinni heimastofu. Garðurinn er tvískiptur, sér afgirt svæði fyrir ungbarnadeildina, nýbúið er að gera það glæsilega úr garði með nýjum kastala, rólum og sandkassa, auk þess sem mjúkt undirlag (nokkurs konar gerfigras) var sett á allt svæðið. Endurnýjun stóra garðs er komin á rekspöl, búið er að festa kaup á veglegum kastala sem verður að öllum líkindum ekki settur upp fyrr en í vor. Í skólanum er einnig skrifstofa skólastjóra, vinnurými starfsmanna, kaffistofa starfsfólks og lítið herbergi fyrir hvíld barnanna á Lundi. Börnin á Hreiðri sofa flest í vögnum á pallinum aftan við húsið. Þess ber að geta að öll börn í skólanum leggja sig eftir hádegismatinn, hlusta á slakandi tónlist eða sögu. Fjárfest var í teppum og koddum fyrir öll börnin sem ekki sofa svo foreldrar þurfa ekki að flytja þann varning með sér.

### **Slys / óhapp**

Í stórum barnahópi geta alltaf orðið óhöpp eða slys. Ef slíkt kemur fyrir höfum við strax samband við foreldra/forráðamenn og hringjum á sjúkrahúsi ef þörf er á.

Þurfi nemandi að fara á heilsugæslustöð eða slysadeild skulu foreldrar/forráðamenn fara með barninu. Því er mikilvægt að skólinn hafi öll símanúmer þar sem hægt er að ná í foreldra á skólatíma barnsins.

### **Veikindi**

Í skólanum er ekki aðstaða til að sinna veikum börnum. Veik börn eru viðkvæm og vansæl og þess vegna eiga þau ekki að koma í skólann þegar þau eru lasin. Nemandi á að vera hitalaus heima í a.m.k. 1 - 2 sólarhringa, sérstaklega nú á tímum Covid-19. Þegar barn kemur í skólann er ætlast til að það geti tekið þátt í öllu daglegu starfi. Ef þörf er á undantekningum vegna einhverra sérstakra tilfella eru foreldrar beðnir að hafa samband við skólastjóra.

## Útivist / klæðnaður

Börnin fara að jafnaði út 1-2x á dag, allt eftir veðri og stemningu. Mikilvægt er að skjólgóð föt af öllu tagi (vel merkt) séu í hólfi barnsins í forstofunni. Kuldagalli, pollagalli, úlpa, flís/prjónapeysa rúmast vel því hvert barn hefur heila sjö snaga! Tvenn/þrenn pör af hlýjum vettlingum, ullarsokkum og húfum er hæfilegt. Einnig er plastkassi í hverju hólfi fyrir nærföt og inniföt til skiptanna. Forstofan okkar er splunkuný og ætlum við að taka höndum saman við foreldra um að halda henni snyrtilegri – enda er forstofa það fyrsta sem ber fyrir augu gesta. Hitaleiðslur/rör munu koma fljótlega, vonandi bara á næstu vikum. Þar til verður skótau að vera á gólfinu.

## Rýmingaráætlun

Í Öryggisráði sitja María Aðalsteinsdóttir skólastjóri, Ragnar Jón Grétarsson umsjónarmaður fasteigna Svalbarðsstrandarhrepps, Margrét Jensína leikskólastjóri, Helgi Tryggvason öryggistrúnaðarmaður skólans og Björg Erlingsdóttir sveitarstjóri.

Þeim ber m.a. að sjá til þess að rýmingaráætlun sé uppfærð og endurskoðuð og rýmingaræfing verði haldin a.m.k. einu sinni á ári.

Rýmingaræfing var haldin *17. september 2020* í samvinnu við fulltrúa frá Öryggismiðstöðinni, sem sér um brunakerfið, og verður aftur *26. maí 2021*.

## Samstarf

### Tónlistarskóli Svalbarðsstrandar

Tíu Laur, deildarstjóri tónlistardeildar, sér um tónlistarforskóla fyrir 5 ára börn skólans

### Valsárskóli

Flest börn sem hefja nám í 1. bekk Valsárskóla hafa verið hjá okkur í Álfaborg. Samstarf milli leik- og grunnskóla er mikilvægt bæði hvað varðar samfellu í námi og einnig til að nemendur verði sem best búnir undir að færast úr leikskóla í grunnskóla. Samvinna skólanna felst einkum í því að nemendur á síðasta ári í leikskólanum og nemendur 1. bekkjar hittast reglulega og taka þátt í



sameiginlegu starfi og leik (leikur að læra). Umsjónarkennari í 1. -2. bekk skipuleggur starfið í samráði við leikskólakennarana í Álfaborg, ár hvert. Nemendum er skipt í blandaða hópa sem fást við afmörkuð verkefni innan skólans, í íþróttasalnum og úti við í nágrenni skólanna. Á skólaárinu er áætlað að elsti árgangur Álfaborgar verði í íþróttum með 1. - 2. bekk í Valsárskóla tvisvar í viku. Einnig er sameiginlegur útiskóli með tveimur elstu árgöngunum okkar og 1.-2. bekk Valsárskóla.

## **Skipulag samstarfs leik- og grunnskóla**

Samstarf 2020-2021

- Þriðjudagar - allir nemendur leikskólans og 1. - 4. bekkur grunnskólans koma saman í söngstund. Þessari söngstund höfum við orðið að fresta meðan Covid-19 geysar.
- Þriðjudagar og fimmtudagar – elstu árgangar leikskólans fara yfir í grunnskólann í „leikur að læra með 1.-2. bekk, ein klst í senn. Næstelsti árgangur 1x í viku, elsti árgangur 3x í viku. Þessum tímum höfum við neyðst til að fresta meðan Covid-19 gengur yfir.
- Þriðjudagar og föstudagar - elstu nemendur Álfaborgar koma í íþróttakennslu með 1. - 2. bekk um leið og sundkennslu Valsárskóla er lokið, yfirleitt í lok október.
- Miðvikudaga eru tveir elstu árgangarnir okkar og 1. - 2. bekkur saman í útiskóla. Hingað til höfum við séð sjálf um útiskólann án aðkomu 1. og 2. Bekkjar vegna Covid-19

## **Sérfræðiþjónusta**

Í gildi er samningur Svalbarðsstrandarhrepps við Akureyrarbæ um þjónustu við grunn- og leikskólann.

Fjölskyldudeild Akureyrar er með aðsetur að Glerárgötu 26 og er opin alla virka daga frá klukkan 08:00 – 16:00. Sími 460-1420 og 460-1433.

Fjölskyldudeild starfar í þremur teymum sem skiptir með sér verkefnum á eftirfarandi hátt:

- **Barnaverndarteymi** sér um mál er falla undir barnaverndarlög. Þar starfa félagsráðgjafar, uppeldisfræðingur og sálfræðingur.

- **Félagsþjónustuteymi** fjallar um málefni fatlaðra og ýmis önnur félagsleg mál. Þar starfa félagsráðgjafar, þroskaþjálfar og sálfræðingar. Ráðgjöf til fatlaðra og fjölskyldna þeirra er m.a. í formi stuðningsviðtala.
- **Skólateymi** vinnur samkvæmt lögum leik- og grunnskóla. Þar starfa sálfræðingar ásamt sérkennsluráðgjöfum í leik- og grunnskóla.

Skólar og foreldrar/forráðamenn geta leitað til skólateymis vegna málefna einstaka barna. Tilvísunarblöð til útfyllingar eru í skólanum. Það er hlutverk fjölskyldudeildar að veita einstaklingum og fjölskyldum faglega aðstoð vegna félagslegra, uppeldislegra og/eða námslegra þarfa þannig að þeir/þær verði sem mest sjálfbjarga og geti notið almennra lífsgæða. Fjölskyldudeild Akureyrarbæjar er skólanum innan handar um öll þau mál sem snerta sérfræðiþjónustu, s.s. sálfræðiþjónustu, félagslega ráðgjöf, talkennslu o.fl.

## Skólanefnd

Skólanefnd Svalbarðsstrandarhrepps fer með málefni Álfaborgar og Valsárskóla. Í nefndinni sitja þrjú aðalfulltrúar skipaðir af sveitarstjórn. Þeim til viðbótar situr einn áheyrnarfulltrúi kennara frá hvoru skólastigi, þ.e. leik- og grunnskólans og einn til vara hvoru megin. Áheyrnarfulltrúarnir eru kosnir til eins árs í senn. Áheyrnarfulltrúar foreldra eru einnig tveir þ.e. fulltrúi foreldra grunnskólans og fulltrúi foreldra leikskólans og annar til vara. Áheyrnarfulltrúar hafa málfrelsi og tillögurétt. Fulltrúi kennara Álfaborgar er Hanna Sigurjónsdóttir og varamaður henna er Þórdís Eva Þórólfsdóttir. Áheyrnarfulltrúi foreldra í Álfaborg er Hafrún Helga Arnardóttir, varamaður hennar hefur ekki verið útnefndur þegar þetta er ritað. Áheyrnarfulltrúar foreldra í Valsárskóla eru Harpa Barkardóttir og Svava Hrund Friðriksdóttir til vara.

Í skólanefnd sitja:

Inga Árnadóttir (formaður)

Árný Þóra Ágústsdóttir

Sigurður Halldórsson

Auk þeirra starfa skólastjórnir María Aðalsteinsdóttir og Margrét Jensína Þorvaldsdóttir með nefndinni.

## **Skólaráð**

Samkvæmt 8. gr. grunnskólalaga skal starfa skólaráð við alla grunnskóla landsins sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólalald. Skólastjóri hefur forgöngu um stofnun skólaráðs. Hann situr í skólaráði og stýrir starfinu samkvæmt reglugerð um skólaráð 6. gr. Sveitarstjórn getur ákveðið að skólaráð grunnskóla og foreldraráð leikskóla starfi sameiginlega í einu ráði í samreknum leik- og grunnskóla, skv. 45. gr. laga um grunnskóla. Miða skal við að fulltrúar nemenda komi úr efstu bekkjum grunnskólans og að fulltrúar foreldra og kennara komi frá báðum skólastigum. Ákvæði þetta gildir einnig um skóla þar sem tvö eða fleiri sveitarfélög hafa samvinnu um rekstur hans, sbr. 1. mgr. 45. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla. Skólanefnd og sveitarstjórn hafa samþykkt sameiginlegt skólaráð Valsárskóla og Álfaborgar.

## **Skólaráð 2020-2022**

Margrét Jensína Þorvaldsdóttir skólastjóri Álfaborgar og til vara Ásdís Hanna Bergvinsdóttir  
María Aðalsteinsdóttir skólastjóri Valsárskóla og til vara Svala Einarsdóttir  
Steingerður Kristjánsdóttir fulltrúi foreldra í Valsárskóla, varamaður er Þóra Sigríður Torfadóttir  
Ásrún Aðalsteinsdóttir fulltrúi kennara í Valsárskóla og varamaður hennar er Harpa Helgadóttir  
Arnrún Brynjólfssdóttir fulltrúi nemenda Valsárskóla  
Tryggvi Unnsteinsson fulltrúi nemenda Valsárskóla  
Þórdís Eva Þórólfsdóttir fulltrúi kennara í Álfaborg og Hanna Sigurjónsdóttir varamaður hennar  
Auður Hafþórsdóttir fulltrúi starfsm. Álfaborgar, varamaður hennar, Gísli Arnarson úr Valsárskóla  
Þórdís Inga Þorsteinsdóttir fulltrúi foreldra í Álfaborg og varamaður hennar, Vilhjálmur Rósantson

Á skólaárinu 2020-2021 eru bókaðir fundir kl. 14:15 - 14. október 2020 og 24. mars 2021. Fyrri fundinum þurfti að fresta vegna Covid-19.

## **Mat á skólastarfi**

Mat á skólastarfi er fastur þáttur í starfinu og er markmið þess að auka gæði skólastarfsins með velferð nemenda að leiðarljósi. Matið skiptist í innra- og ytra mat.

### **Ytra mat**

Reglulega er framkvæmt ytra mat á öllum grunnskólum á Íslandi á vegum Menntamálastofnunar og sama gildirt um leikskóla. Ytra mat verður í Valsárskóla á vorönn 2021. Lögð verður áhersla á stjórnun, nám og kennslu og innra mat skólans.

### **Áætlun um innra mat**

Stefnt er að því að matsáætlun Álfaborgar liggi fyrir í vor og verður kynnt þegar þar að komur, ásamt skólanámskránni okkar. Á þessu skólaári verður lögð fyrir foreldra, nemendur og starfsfólk könnunin Skólapúls. Þannig fást gögn sem veita upplýsingar um marga þætti innra matsins s.s. skólabrag, stjórnun og skipulag, mannauð og nám og kennslu. Auk þess munu kennarar skila inn gögnum um fjölbreytta kennsluhætti í lok árs sem birtast í vorskýrslu/ársskýrslu skólans sem verður birt á heimasíðunni. Kennarar meta viðburði reglulega með úrbætur í huga.